Fundur stjórnar LS haldinn
16. og 17. júlí 2014

Ályktun um strandveiðar

Stjórn LS hvetur stjórnvöld að auka við aflaviðmiðun strandveiða í samræmi við aukinn þorskkvóta. Mikilvægt er að viðhalda þeim reglum sem verið hafa um strandveiðar þar sem heildaraflaviðmiðun verði rýmkuð svo ekki komi til stöðvunar eftir nokkra daga veiði.

Innan núverandi reglna hefur veiði aðeins staðið yfir í 7 veiðidaga af 15, í maí og júní á einu veiðisvæði. Með heimild til að nýta 15 fasta veiðidaga (mánudagur – fimmtudagur) í hverjum mánuði mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan hvers mánaðar.